PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288



Fasteignasala
Í Fjallabyggð
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir

37. tbl. 35. árg. 8.- 14. nóv. 2023

Fjallabyggð

# Jólamarkaður




**Hinn árlegi jólamarkaður verður laugardaginn 2. desember frá kl. 13:00 – 16:00**

**Þeir sem hafa hug á því að fá borð eða panta jólahús vinsamlegast hafi samband við Ástu í síma: 853 8020**

**eða á netfangið; tjarnarborg@fjallabyggd.is**

# Félagsfundur Félags eldri borgara í Siglufirði

**Afmælisfundur verður haldinn 19. nóvember í sal Skálarhlíðar sunnudaginn 19. nóvember kl. 15.00. Þá verður félagið 40 ára.**
**Dagskrá verður auglýst í TUNNUNNI 15. NÓV.**
**Mætum öll og fögnum 40 árum.**

**Stjórn FEBS.**

**TUNNAN** **www.tunnan.is**




Opið hjá okkur
Fimmtudagur 16-19
Föstudagur 15-22
Laugardagur 14-22
Segull 67
HAPPY HOUR
16-19
ÖL – VÍN – KAFFI – TE – OG FLEIRA



**Blái trefillinn** - tákn um umhyggju fyrir karlmönnum sem fá blöðruhálskirtilskrabbamein. Blái trefillinn skilar betri lífsgæðum fyrir þinn ástvin, son, faðir, afa, bróðir, frænda eða vin með krabbamein í blöðruhálskirtli.

# Frá Ólafsfjarðarkirkju og Siglufjarðarkirkju

Fermingarbörn vetrarins í Ólafsfirði og á Siglufirði munu, rétt eins og önnur fermingarbörn í landinu eru að gera um þessar mundir, ganga í hús á **fimmtudag, 9. nóvember,** frá kl. 17.00 til 19.00, með söfnunarbauka frá Hjálparstarfi kirkjunnar og safna fyrir vatnsverkefnum í Afríku. Við biðjum ykkur um að taka þeim vel, eins og jafnan áður.

**Með fyrirfram þökk.**
**Stefanía Steinsdóttir og Sigurður Ægisson**

## HÓ - HÓ - HÓ


TUNNAN styður Önnu Hermínu

Er byrjuð að taka á móti gjöfum í Jólasöfnunina 2023 til þeirra sem minna mega sín. Er sammála formanni Sjálfstæðisflokksins er hann sagði einu sinni í viðtali að höfuðskylda allra sé að hlúa að þeim sem minna mega sín! Við reynum að vera dugleg við það! Margt smátt gerir eitt stórt og trúi ég því að margur íbúi Fjallabyggðar munu hjálpa til og gera það sem við gerum best, að aðstoða fjölda foreldra sem hafa stóran hnút í maganum af áhyggjum allt árið og geta ekki gefið börnum sínum jólagjafir. Allir eru svo hjartanlega velkomnir að vera með og eina sem ég get gefið þér í staðinn er gott faðmlag.

**SKILAFRESTUR ER TIL 10. DES.**

**Ps: Þær mega koma ópakkaðar!** Hvet foreldra að leyfa börnum sínum að pakka inn gjöfunum og vekja athygli á að það er til fátækt á Íslandi. Þeir sem gefa undir tréin í **Mollum** landsins endilega setjið: **„Kveðja frá Fjallabyggð"**.

**Sýnum að við séum að hjálpa. -** ***Jólakveðja, Anna Hermína***

***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

# *Frá Siglufjarðarkirkju*



Næstkomandi sunnudag, 12. nóvember, verður *kertamessa kl. 17.00*, í umsjá sr. Stefaníu Steinsdóttur, sóknarprests í Ólafsfirði. Ekkert barnastarf verður hér þann dag, af óviðráðanlegum orsökum, og eins er með 26. nóvember.

Næsta samvera kirkjuskólans verður því ekki fyrr en 19. nóvember og svo verða tvær á aðventunni, 3. og 10. desember.

Ég er kominn í ótímabundið veikindaleyfi.

Sr. Stefanía Steinsdóttir mun leysa mig af á meðan.

Sigurður Ægisson


**PIXMA TS6350**

Öflugur og vel búinn fjölnota prentari og skanni með 5 blekhylkjum. Þráðlaust netsamband.

**kr. 26.900,-**

**TUNNAN**
**S:467-1288**



Canon
PIXMA TS6350




**Canon PIXMA TS705a A4**
bleksprautuprentari með Wi-Fi og 350 blaða skúffu

**kr. 15.500,-**

**TUNNAN**
**S:467-1288**



Canon Blek og prentarar.

**TUNNAN**
S: 467-1288